

2. maí 2018 | Dans | 1084 orð | 2 myndir

Dans - Borgarleikhús, stóra sviðið

Óljós heimur valda og karla

Hin lánsömu **---

Íslenski dansflokkurinn. Hugmynd og handrit:
Anton Lachky. Danshöfundur: Anton Lachky.
Ljósahönnuður: Björn Bergsteinn Guðmundsson.
Búningahönnuður: Júlíanna Lára Steingrímsdóttir.
Hljóðmynd: Baldvin Magnússon.

Íslenski dansflokkurinn. Hugmynd og handrit: Anton Lachky.
Danshöfundur: Anton Lachky. Ljósahönnuður: Björn
Bergsteinn Guðmundsson. Búningahönnuður: Júlíanna Lára
Steingrímsdóttir. Hljóðmynd: Baldvin Magnússon. Dansarar:
Einar Aas Nikkerud, Elín Signý Weywadt Ragnarsdóttir,
Hannes Þór Egilsson, Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, Inga Maren
Rúnarsdóttir, Sigurður Andrean Sigurgeirsson, Tanja Marín
Friðjónsdóttir og Þyri Huld Árnadóttir. Frumsýning föstudag
27. apríl 2018.

Íslenski dansflokkurinn frumsýndi verkið *Hin lánsömu* eftir
Anton Lachky síðastliðið föstudagskvöld. Lachky hefur getið
sér gott orð sem danshöfundur en hann samdi áður verk
með dansflokknum, *Fullkominn dagur til drauma*, og fékk
fyrir það Grímuverðlaun árið 2012.

Hin lánsömu er blanda af súrrealísku leikriti með miklum
texta, danssýningu, glamúr, skemmtun og kabarett. Það
hefst á kraftmikinn og epískan hátt þar sem dansararnir keppast hver um annan að ná athygli áhorfandans, klæddir
galakjólum og kjólfötum. Hannes Þór í hlutverki Leiðtogans býður okkur velkomin heim til sín og fjölskyldu sinnar. Þau
eru ríkasta fjölskylda Íslands, þau eiga Ísland, og þau eru alltaf hamingjusöm! Hann ávarpar dansarana með þeirra
eigin nöfnum og hegðar sér eins og sjónvarpskygnir í beinni útsendingu, ýktur og sjálfumglaður. Hann hefur völdin og
ákveður reglurnar, hann er brúðumeistarinn, költleiðtoginn.

Verkið spyr spurninga um samfélag og innri virkni þess, völd og frelsi einstaklingsins, og hvort hægt sé að finna
hamingjuna í fyrirmyndarheimi allsnægtanna. Áhorfandinn fær fljótt á tilfinninguna að hann sé fastur í vondum draumi
eða standi á barmi endalokanna. Allt er mjög óþægilegt, andrúmsloftið blandað sjúkri meðvirkni og fjölskyldan föst í
ánauð Leiðtogans. Það koma augnablik þar sem virðist eins og Leiðtoginn sé að missa tökin, og heimurinn ætli að
leysast upp, en það gerist svo ekki. Áhorfandinn bíður þannig eftir uppreisn eða uppgjöri sem kemur aldrei og verkið
endar á ófullnægjandi hátt.

Í einni senu lætur Leiðtoginn systkini sín leika dansandi grísi undir klassískri tónlist. Með þessari grótesku uppstillingu
skapar höfundurinn andrúmsloft ofbeldis og óþæginda sem þó var á sýningunni tekið með fögnuði hjá mörgum
áhorfendum. Leiðtoginn heldur síðan áfram og lætur karlkyns dansarana í hlutverk hafmeyja með stút á munni og stór
brjóst, nei, stærri brjóst! Hér eru karlmenn að gera grín að kvenleika með það að markmiði að skemmta áhorfendum.
Ef þetta á að vera kaldhæðin satíra eða ádeila þá er það ekki skýrt. Það þarf að íhuga vel svona framsetningu, svona
grín hefði mátt deyja í gær.

Karldansararnir þrír fara allir með veigamikil hlutverk. Hannes í hlutverki Leiðtogans er þungamiðja verksins, og hinir
karldansararnir, Andrean og Einar, fá einnig bitastætt efni til að móða úr. Þeir ögra Leiðtoganum, annar með
draumórum og frelsisþrá, en hinn með erótíkinni. Allir þrír gera hlutverkum sínum góð skil, þeir hafa gott vald á hómor
og sýna mikla færni í oft erfiðum kringumstæðum.



Dansararnir „Á köflum er **Hin lánsömu** myndin, glæsileg og skemmtileg sýning, en það er færni dansaranna sem gerir hana þess virði að sjá,“ segir rýnir. Skilaboðin í verkinu séu á tvist og bast og grunnurinn óljós. — Ljósmynd/Jónatan Grétarsson



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Kvenhlutverkin eru mun veigaminni, í raun svo veigalítil að maður spyr sig hvort femínísk umræða hafi ekki náð eyrum höfundarins. Það er helst að Þyri Huld hafi eitthvað til að vinna úr í hlutverki litlu systurinnar, sem þó því miður snýst aðallega um að hún skuli vera passíf, krúttleg og setja sig þess á milli í sirkusstellingar. Hinir kvendansararnir eru enn frekar í bakgrunni, ef undan eru skildir nokkrir örstuttir sólódansar, og á sérstaklega Tanja Marín þar eftirminnilega innkomu. Þetta kemur á óvart og maður spyr sig hvers vegna í ósköpunum kvendönsurum flokksins eru ekki gefin sterkari hlutverk í stórsýningu eins og þessari. Hlutverk Leiðtogans hefði til dæmis alveg eins getað verið í höndum konu, og skal þá engri rýrð varpað á frammistöðu Hannesar, sem sannarlega var glæsileg.

Höfundurinn hefur greinilega smekk fyrir skrumskælingu. Á einum stað í verkinu vitnar hann með beinum hætti í Svanavatnið, sem er viðmiðunarpunktur í danssögunni. Senan er hlaðin kaldhæðni og er mögulega skot á staðalímyndir dansheimsins, en maður spyr sig hvort það hafi verið ætlunin eður ei? Á öðrum stað tilkynnir Leiðtoginn okkur að nú ætli þau að dansa eins og við sjáum dansað í myndböndum á YouTube, við áhorfendur hljóttum að kannast við það. Maður spyr sig hvort þurfi tengingu við Svanavatnið eða YouTube til að við skiljum eða misskiljum? Þarf að láta dansara gera ýktar eftirlíkingar af dýrum til að við veltumst um af hlátri? Er einhver ótti við að áhorfendur kunni ekki að meta dans og þurfi því ýkta leikræna tilburði og dægurtengingar til að ná til þeirra?

Lýsingin í sýningunni er fagmannleg, hún þjónar verkinu, og það er unnið fallega með reyk. Hljóðmyndin samanstendur af klassískri tónlist í bland við teknótónlist og þunga dróna, og hún styður þannig undir heildarupplifunina. Búningarnir eru flottir og raunsæir, skýr hugmynd sem passar vel inn í óljósan glamúrheim. Leikstillinn er ýktur, og ná dansararnir að gera leik góð skil og halda athygli áhorfenda, ásamt því að sýna stórkostlega danshæfileika. Kóréógrafían einkennist af stuttum og hröðum frösum þar sem dansararnir stökkva af stað úr kyrrstöðu í kraftmikinn dans. Danshöfundurinn gerir miklar kröfur með sínum einkennandi hröðu danstempóum. Dansararnir takast á við verkið af mikilli einbeiti og krafti, gefa hvergi eftir, en þó er tempóið svo hratt á köflum að áhorfandinn sér að þau eiga í fullu fangi með að halda í við hraðann. Kannski hefði mátt slaka þarna aðeins á og leyfa dönsurunum að njóta sín betur.

Það hefur komið fram að danshöfundurinn hefur unnið efnið og handritið á mjög skömmum tíma, og hann er sjálfur sinn eigin dramatúrg. Það er ekkert að því að vinna hratt og alfarið út frá eigin sýn, en í þessu tilfelli hefði lengri undirbúningur og meiri íhugun verið til bóta. Við hefðum þá séð heildstæðari verk og betri útfærslur á einstökum atriðum. Það er líka mjög einhæft hvernig sviðsrýmið er nýtt. Leiðtoginn er oftast fremst á sviðinu, dansararnir fyrir aftan, og sviðið virkar oft hálfómt. Svo eru klisjukenndar uppsetningar þar sem hópurinn gerir eitthvað samhæft og einn dansari brýst fram í sóló. Það er ekkert ferðalag á sviðinu sem segir eitthvað, og það vantar að huga að smáatriðum.

Á köflum er *Hin lánsömu* myndin, glæsileg og skemmtileg sýning, en það er færni dansaranna sem gerir hana þess virði að sjá. Sú hugsun situr í manni að lokinni sýningu hvernig hægt sé í dag að bjóða upp á verk á stóru sviði með miklum umbúnaði og fyrirhöfn, sem gerir lítið úr hlutverki kvenna og hinir kúguðu meðlimir fjölskyldunnar fá aldrei tækifæri á uppreisn. Ef verkið á að vera kaldhæðið eða ádeila á skiptingu valdsins, hvort sem er í dansheiminum eða almennt, þá er það ekki skýrt. Skilaboðin eru á tvist og bast og grunnurinn sem byggt er á er óljós. Hins vegar gefur efni verksins tilefni til margra heilabrota og umræðna, sem er gott, en maður spyr sig: Hver er boðskapurinn og hver er tilgangurinn?

Nína Hjálmarsdóttir